

SAMÞYKKT

Um kattahald í Rangárþingi eystra

1.gr.

Kattahald í þéttbýlisstöðum í Rangárþingi eystra sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2.gr.

Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína á skrifstofu Rangárþings eystra. Eigendur eða umráðamenn skulu merkja alla ketti í þéttbýli með ól um hálsinn, húðflúri í eyra eða örmerkingu, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

3.gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41.gr. laga nr.26/1994 um fjöleignarhús og reglugerð um meðferða og umhirðu gæludýra nr. 1077/2004.

4.gr.

Kattareiganda er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Leyfishafa ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

5.gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

6.gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. Leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigendur skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

7.gr.

Ekki má hleypta köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr.941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

8.gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum áhaldahúss Rangárþings eystra er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku er sveitarfélaginu heimilt að aflífa hann. Eigandi kattarins greiðir allan kostnað vegna aðgerða þessara. Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Litið er á ómerkta ketti sem villiketti.

9.gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

10.gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11.gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra, staðfestist hér með samkvæmt 25.gr. laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn 13. október 2005

Hvolsvelli, 6. janúar 2006

Ágúst Ingi Ólafsson, sveitarstjóri

Staðfest af umhverfisráðuneytinu 10. febrúar 2006.